

Fundargerð fundar samgöngunefndar FV 31. október 2017, kl 15 – 17, fundurinn var haldinn í síma. Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Karl Kristjánsson og Ingibjörg Benediksdóttir.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð 16. júní og 28. ágúst 2017.
2. Almenningsamgöngur
3. Fjárlög 2018. Framlög til samgöngumála.
4. Ísland altengt. Staða styrkúthlutunar fyrir árið 2018
5. Flugsamgöngur innanlands.
6. Flutningsmál raforku
7. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og kynnti að Nanný Arna Guðmundsdóttir myndi mæta síðar á fundinn.

Minnispunktur fundar samgöngu og fjarskiptanefndar FV.

1. Fundargerðir 16. júní 2017 og 23. ágúst 2017

Fundargerð fundar 16. júní 2017 lögð fram til endanlegrar staðfestingar, en áður samþykkt í tölvupósti. Ingibjörg Benediksdóttir sat hjá við afgreiðslu fundargerðar þar sem hún sat ekki fundinn.

Haldinn var fundur stækkaðar samgöngunefndar FV ásamt stjórn FV, þann 23. ágúst 2017. Efni fundarins var stefnumörkun samgönguáætlunar 2018-2029. Greinargerð var tekin saman og send á Samgönguráð í lok ágúst s.l..

Bent á að í greinargerð vantar áherslu á vinnusóknarsvæði.

2. Almenningsamgöngur.

Lagt fram minnisblað vinnuhóps á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga (LHSS), sem kynnt var á haustfundi þeirra þann 4. október s.l. varðandi stöðu almenningsamgangna m.a. samninga við Vegagerðina sem renna í árslok 2018.

Einnig lagt fram yfirlit um rekstur NVB ehf fyrstu 9 mánuði ársins 2017. Sumarið hefur ekki gengið vel og auðsjáanlegur taprekstur fram á næsta vor. Grípa verður til hagræðingar í rekstri og þar verður leið 59 skoðuð eins og aðrar leiðir.

Rætt um stöðu mála. Framkvæmdastjóra falið að taka saman farþegatölur á leiðum á Vestfirðum og meta hvar megi fækka ferðum í ljósi eftirspurnar.

FV verði í síðan í samfloti við önnur landshlutasamtök um endurnýjun eða uppsögn samninga.

3. Framlög í fjárlögum 2018.

Í gildandi framkvæmdahluti samgönguáætlunar 2015-2018, er gert ráð fyrir framlögum í upphafi framkvæmda við nýjan veg yfir Dynjandisheiði á árunum 2018 til og með 2021 og um Veidileysuháls á árunum 2018 til og með 2020. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 var

lagt fram á Alþingi þann 12. september sl. og samkvæmt því eru þessar framkvæmdir ekki tilgreindar í nýframkvæmdum á næsta ári. Mótmælt er þessu misræmi milli áætlana ríkisins, því að óbreyttu verður frestun á að bjóða megi út Veiðileysuháls og Dynjandisheiði eins og samgönguáætlun 2015-2018 segir til um. Hér um að ræða grundvallaratriði í að koma á heilsárssamgöngum á milli byggðalaga á Vestfjörðum. Einnig er mótmælt er að raunlækkun er á framlögum sem veitt til hafnaframkvæmda, viðhalds flugvalla og almenningssamganga.

4. Fjarskiptamálin. Ísland altengt.

Lagt fram minnisblað frá Valgeiri Ægi Ingólfssyni, verkefnastjóra Atvest um stöðu ljósleiðaraframkvæmda í dreifbýli á Vestfjörðum sem stutt er af verkefninu Ísland ljóstengt. Ljóst er að sveitarfélögin eru í erfiðleikum að sinna verkefninu þar sem það er kostnaðarsamt vegna mikilla fjarlægða og fámennis og ítrekuð sú afstaða að herra framlag komi frá stjórnvöldum til verkefna á Vestfjörðum. Sveitarfélögin eru hinsvegar brýnd í því að sækja um í verkefnasjóðinn sem nú er auglýstur laus til umsóknar að hálfu Fjarskiptasjóðs.

Nanný Arna mætt til fundar kl 16.00.

5. Skýrsla um flugvelli. Flugsamgöngur innanlands.

Kynnt samþykkt stjórnar FV frá 19. október um að vísa erindi Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis til samgöngu- og fjarskiptanefndar.

Erindið varðar vinnuhóp samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem hefur til umfjöllunar rekstur flugsamgöngukerfisins innanlands. Markmiðið með vinnuhópnum er að ná fram hagkvæmari rekstri á innanlandsflugi og skilvirkari rekstri flugvalla sem skilar sér til neytenda í lægri flugfargjöldum. Unnið er út frá tillögum fyrri vinnuhóps ráðuneytisins frá árinu 2016. Ráðuneytið óskar viðbragða sveitarfélaganna við erindinu til að senda fyrir lok nóvember.

6. Raforkumál. Flutningsmál raforku.

Kynnt samþykkt stjórnar FV frá 19. október um „tillögu að FV hefði frumkvæði að kalla saman fund sveitarfélaga á Vestfjörðum, til að ræða tillögu að flutningskerfi raforku á Vestfjörðum í tengslum við uppbyggingu nýrra vatnsaflsorkuvera“.

Framkvæmdastjóri upplýsti að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefði tekið málið upp með orkufyrirtækjum sem hefðu virkjunaráform á Vestfjörðum.

Samgöngunefnd samþykkir að sett verði af stað verkefni sem setji fram hugsanlegar flutningsleiðir raforku frá fyrirhuguðum virkjunum og til stærri orkunotenda.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna að verkefninu.

Tillagan samþykkt.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál komu fram og fundi slitið kl 16.30.